

Konstantin Markin gegn Rússlandi – Yfirdeild

Dómur frá 22. mars 2012

Mál nr. 30078/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Hermann. Mismunun á grundvelli kynferðis. Foreldraorlof.

1. Málsatvik

Kærandi, Konstantin Markin, er rússneskur ríkisborgari, fæddur árið 1976 og búsettur í borginni Velikiy Novgorod í Rússlandi. Árið 2004 skráði hann sig í rússneska herinn en í ráðningarsamningi hans skuldbatt hann sig til að þjóna í hernum í samræmi við þær aðstæður sem honum væru búnar í lögum. Bæði karlkyns og kvenkyns hermenn sinntu því starfi sem kærandi gegndi. Eftir að kærandi og eiginkona hans skildu þurfti kærandi einn að sjá um uppeldi barna sinna. Kærandi sótti um þriggja ára foreldraorlof í kjölfar þess að hann eignaðist þriðja barn sitt. Beiðninni var hafnað með vísan til þess að svo löng foreldraorlof væru samkvæmt lögum einungis veitt kvenkyns hermönnum. Kærandi fékk þriggja mánaða foreldraorlof þess í stað. Nokkrum vikum eftir að það hófst var kærandi kallaður aftur til starfa. Kærandi lét reyna á synjun rússneska hersins fyrir dómstólum en í janúar 2009 hafnaði rússneski stjórnlagadómstóllinn kröfu hans. Í desember 2008 hætti kærandi í hernum af heilsufarsástæðum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans með því að synja honum um foreldraleyfi á grundvelli kynferðis.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að mjög veigamikil rök þyrfti til að réttlæta mætti mismunun á grundvelli kynferðis. Þótt herir aðildarríkjanna gætu vart starfað án lagareglna til að halda uppi heraga gætu aðildarríkin ekki beitt slíkum reglum til að hindra að einstaklingar geti notið friðhelgi einkalífs. Enda þótt 8. gr. sáttmálans legði ekki þá skyldu á aðildarríkin að þau veittu borgurinum rétt til foreldraorlofs féllu reglur um slík orlof undir verndarsvið ákvæðisins. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði verið í sömu stöðu og kvenkyns hermenn til að taka foreldraorlof þar sem slíkt orlof væri ætlað jafnt fyrir feður sem mæður til að sinna nýfæddum börnum sínum. Dómstóllinn tók fram að sérstök sjónarmið ættu við um heri og að réttindi hermanna gætu verið takmörkuð í ríkara mæli en almennra borgara. Aftur á móti yrðu slíkar takmarkanir að vera reistar á mjög sterkum rökum. Þá benti dómstóllinn á að meirihluti Evrópuríkja heimilaði almennum borgurum sínum af báðum kynjum að taka foreldraorlof. Mörg þeirra veittu hermönnum af báðum kynjum þann sama rétt. Dómstóllinn féllst ekki á að ólík meðhöndlun kynjanna að þessu leyti, eins og átti við í tilviki kæranda, væri jákvæð mismunun konum til hagsbóta. Slík mismunandi meðferð væri til þess fallin að ýta undir staðalímyndir kynjanna sem væru konum óhagstæðar í atvinnulífinu og körlum í fjölskyldulífinu. Þá gætu ríkjandi hefðir ekki réttlætt mismunandi meðferð að þessu leyti. Ekki var fallist á að foreldraorlof karlkyns hermanna myndi draga úr virkni herja, enda höfðu rússnesk stjórnvöld ekki gert neinar rannsóknir á því hversu margir rússneskir hermenn myndu taka þriggja ára foreldraorlof. Ekki nægði í þessu samhengi að benda á að allir rússneskir hermenn væru á barneignaraldri. Dómstóllinn benti einnig á að rússnesk lög væru mjög ósveigjanleg og að samkvæmt þeim væri ekkert svigrúm fyrir karlkyns hermenn til að taka foreldraorlof. Herjum aðildarríkjanna væri heimilt að veita takmarkaðri réttindi til foreldraorlofs en ætti við um almenna borgara að því gefnu að með því væri kynjunum ekki mismunað. Í ljósi alls ofangreinds, og þess að kærandi hafði sinnt starfi innan rússneska hersins sem konur gegndu einnig, taldi dómstóllinn að kæranda hefði verið mismunað. Var því talið að brotið hefði verið gegn 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 3.150 evrur í málskostnað.

Fimm dómáramur skiluðu sérálitum.